



Reykjavík 22.08.2024

**Varðar: Eikjuvogur 27 – (umsókn um br. á bílastæðum)**

Skoðuð er umsókn A2f arkitekta, dags. 15.02.2024, um breytingu á bílastæðum á lóð nr. 27 við Eikjuvog. Erindi fylgja uppdrættir dags. 19.06.2024 ásamt skýringaruppdrætti sem sýnir breytingar.



Aðalteikning í gildi



Nýtt fyrirkomulag bílastæða

**Skipulagsleg staða:**

Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 sem sýnir lóðina á Miðsvæði (M2b)  
Í gildi er heildarskipulag Vogahverfis, samþ. 01.09.2010, með síðari breytingu fyrir Eikjuvog 27, samþ.25.01.2018.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Hluti gildandi deiliskipulags

**Umsögn:**

Ekki er að sjá á teikningum að fyrirkomulag bílastæða á lóðinni breytist. Nýjar teikningar af norðurhluta lóðar sýna enn sorpskýli á horni lóðar og þar við hliðina tvö bílastæði á lóð ásamt tvíbreiðri innkeyrslu sem nemur 6,3 m.

Samkvæmt gildandi heildarskipulagi Vogabyggðar og síðari breytingu fyrir Eikjuvog 27 þá eru heimil tvö bílastæði á lóðinni. Í deiliskipulagi er gert er ráð fyrir að frekari bílastæði fyrir lóðina séu á borgarlandi. Breidd tvíbreiðrar innkeyrslu sem nemur 6,3 m er ekki álitin hafa áhrif á fjölda bílastæða í borgarlandi. Bent er á að 3 bílastæði á lóð eru ekki heimil skv. gildandi deiliskipulagi.

**Niðurstaða:**

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.

**F.h. Skipulagsfulltrúans í Reykjavík**

Sigríður Maack, arkitekt og verkefnisstjóri